

UPPSPEL, UTESPELARE og FREDDE tölvuleikjaborð

Upplýsingar um ábyrgðir

3



3

Daglegt líf heima gerir miklar kröfur til tölvuleikjaborða. UPPSPEL, UTESPELARE og FREDDE tölvuleikjaborð hafa gengist undir margvíslegar prófanir til að tryggja að þau standist stranga gæða- og endingarstaðla okkar og standist ströngustu kröfur sem gerðar eru til skrifborða: ANSI/BIFMA X:5.5. Því getum við boðið upp á 3 ára ábyrgð sem nær yfir galla í efni og framleiðslu á eftirtöldum tölvuleikjaborðum: UPPSPEL tölvuleikjaborð, UTESPELARE tölvuleikjaborð og FREDDE tölvuleikjaborð. Ábyrgðin gildir samkvæmt ábyrgðarskilmálum sem koma fram í þessum bæklingi.



UTESPELARE



UPPSPEL



FREDDE

Hvað gildir ábyrgðin lengi?

Ábyrgð á UPPSPEL tölvuleikjaborði, UTESPELARE tölvuleikjaborði og FREDDE tölvuleikjaborði gildir í 3 ár frá þeim degi sem varan er keypt í IKEA. Framvísa þarf upphaflegri kvittun sem staðfestingu á kaupum.

Hvaða fellur undir þessa ábyrgð?

Ábyrgðin nær aðeins til heimilisafnota og nær til galla í efni og framleiðslu.

Ábyrgðin gildir eingöngu fyrir þann aðila sem upprunalega kaupir vöruna. Hún færir ekki á milli eigenda.

Hvað gerir IKEA til að leysa vandann?

IKEA skoðar vöruna og tekur ákvörðun um hvort ábyrgðin gildi í hverju tilfelli fyrir sig. Ef ábyrgðin er í gildi ákveður IKEA hvort gert er við vöruna eða henni skipt út fyrir sömu vöru eða sambærilega. IKEA ber þá kostnað af viðgerð, varahlutum, vinnu og ferðum starfsfólks sem IKEA fær til viðgerðanna. Þetta á þó aðeins við ef varan er aðgengileg án þess að viðbótarkostnaður hljóti af. Þetta á ekki við í þeim tilfellum þar sem viðgerð hefur farið fram án heimildar IKEA. Allir gallaðir hlutar sem fjarlægðir eru við viðgerð eru eign IKEA. Ef varan er ekki lengur seld hjá IKEA verður viðskiptavini útveguð sambærileg vara. IKEA áskilur sér rétt til að ákveða hverju sinni hvað er sambærileg vara.

Hvað fellur ekki undir þessa ábyrgð?

Ábyrgðin er ekki í gildi fyrir vöru sem hefur verið geymd, sett saman, sett upp eða notuð á rangan hátt. Einnig vöru sem hefur verið meðhöndluð illa eða á rangan hátt, hefur verið breytt eða þrífir með röngum efnum.

Ábyrgðin nær ekki yfir venjulega notkun, rispúr eða skemmdir vegna óhappa eða högga.

Ábyrgðin gildir ekki ef varan hefur verið notuð á opinberum stöðum, utandyra eða í tærandi umhverfi, til dæmis inni á baðherbergi.

Ábyrgðin nær ekki yfir skaða vegna tilfallandi eða afleidds tjóns.

Leiðbeiningar um umhirðu

Hertu skráfur eftir tvær vikur og fylgst síðan með þeim reglulega, um tvisvar á ári.

Yfirborðsfletir: Þrífðu með klút vettum með vatni eða mildri sápu. Þurrkaðu með þurrum klút.

Hafðu samband

Ef þú þarft frekari upplýsingar getur þú haft samband við IKEA í síma 520 2500 eða á [IKEA.is](https://www.ikea.is).

Geymdu kvittunina

Hún er staðfesting á kaupunum og hennar er krafist til að ábyrgðin gildi. Ef eitthvað kemur upp á eða þú ert ekki ánægð/ur, vinsamlega hafðu þá samband við IKEA á [IKEA.is](https://www.ikea.is) eða hringdu í 520 2500.

